

Tortímandi

Hatari

Hann er þögull
Sem múrveggur
Hávær
Sem handleggur
Brotinn
Í agnir niður
Aumkun
Sem engu nemur
Öskur
Sem hamar og meitill
Höggstaður
Alráður
Hatur
Sem flóðbylgjur
Ótti
Óheflaður

Kunnuglegur tortímandi
Styrkri hendi mundar spjótið

Við erum brothætt
Sem heimsálfa
Hangir
Á bláþræði
Heróp
Í bergmáli
Aumkun
Sem engu nemur
Öskur
Sem hamar og meitill
Höggstaður
Alráður
Hatur
Sem flóðbylgjur
Ótti
Óheflaður

Kunnuglegur tortímandi
Styrkri hendi mundar spjótið

Kunnuglegur tortímandi
Styrkri hendi mundar spjótið

Allt sem þú aldrei varst
Aldrei varðst
Aldrei varst
Bréfið sem aldrei barst
Aldrei barst
Aldrei barst
Klettsbrún af hverri þú dast
Hverri þú dast
Hverri þú dast
Allt sem þú aldrei varst
Aldrei verður
Aldrei varst

Kunnuglegur tortímandi

Styrkri hendi mundar spjótið

Kunnuglegur tortímandi

Styrkri hendi mundar spjótið